

Ár 2022, fimmtudaginn, 12. maí er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2022**:

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. febrúar 2022, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 3. febrúar 2022, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 10. mars 2022 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 11. mars 2022. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 18. mars 2022 og þær áframsendar varnaraðil sama dag. Viðbótarathugasemdir varnaraðila bárust 22. mars 2022 og viðbótarupplýsingar frá sóknaraðila í tölvupósti 3. maí 2022 sem kynntar voru varnaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. apríl og 12. maí 2022.

II.

Málsatvik

Eiginmaður sóknaraðila lést hinn 8. desember 2021. Hann var með reikning í útibúi F, nr. X. Á dánardegi var reikningur hans yfirdreginn um 1.214.975 kr., yfirdráttarheimild á reikningnum var að fjárhæð 1.215.000 kr.

Eftir andlát eiginmanns voru lagðar inn samtals 596.398 kr. á reikning hans. Hinn 9. desember 2021 lögðu Sjúkratryggingar Íslands 18.618 kr. inn á reikninginn. Váttryggingafélag lagði 9.316 kr. inn á reikninginn hinn 10. desember 2021 og hinn 22. desember 2021 lagði stéttarfélag eiginmanns M, 568.464 kr. inn á reikninginn, með þremur millifærslum.

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, staðfesti Sýslumaðurinn á Suðurnesjum að skiptum á dánarbúi eiginmanns M hefði verið lokið sem eignalaus á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Hinn 12. janúar 2022 sendi umboðsmaður sóknaraðila tölvupóst til varnaraðila og krafðist þess að bankinn legði 596.398 kr. inn á reikning sóknaraðila þar sem dánarbúið hefði fengið innborganir á reikning hins látna sem væri eign dánarbúsins. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila daginn eftir og vísaði til þess að sóknaraðili ætti ekki rétt á því að fá innborganirnar millifærðar til sín þar sem staðan á bankareikningnum hjá varnaraðila væri í mínus og því ekki um neina inneign að ræða.

Varnaraðili tók fram að hægt yrði að endurskoða afstöðu bankans ef stéttarfélagið staðfesti að greiðslurnar frá því væri dánarstyrkur eða útfararstyrkur.

Umboðsmaður sóknaraðila mótmælti afstöðu varnaraðila samdægurs og ítrekaði kröfu sína um að eign dánarbúsins yrði greidd sóknaraðila. Þá taldi umboðsmaður sóknaraðila útfararkostnað vera forgangskröfu sem gangi framar skuldum eiginmanns M við aðra, þ.á.m. yfirdráttar hjá varnaraðila. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila á ný hinn 20. janúar sl. með vísan til þess að röksemdir umboðsmannsins ættu ekki við þegar um eignalaust bú samkvæmt 25. gr. laganna væri að ræða.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér fjármuni sem lagðir voru inn á bankareikning nr. X í útibúi F, eftir 8. desember 2021, samtals að fjárhæð 596.398 kr.

Sóknaraðili vísar til þess að stærstur hluti fjárhæðarinnar sem lögð var inn á reikning hins látna eftir andlát hafi verið útfararstyrkur til fjölskyldunnar frá stéttarfélagi hins látna. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi neitað að afhenda þá eign á þeim forsendum að við andlát hafi yfirdráttarheimild á reikningi hins látna verið felld niður og því væri það sem greitt hafði verið á reikninginn eftir andlát ekki til útgreiðslu. Sóknaraðili vísar til þess að eiginmaður M hafi látið eftir sig skuldir hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en varnaraðila, t.d. kreditkortafyrirtækjum. Einu eignir sem dánarbúið átti, fyrir utan fyrnefndar greiðslur, hafi verið gömul bifreið sem nýverið var metin á 110.000 kr.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1991 taki dánarbú látins manns við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut og einnig við fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést. Sóknaraðili vísar jafnframt til 16. gr. laganna um skyldur þess sem hefur eign dánarbús í vörslum sínum til að gæta hennar þar til annar hefur fengið heimild til umráða. Sóknaraðili byggir á því að meginreglan sé sú að vörslur eignar verði áfram hjá þeim sem hafði umsjón með henni við andlátið og gegni því þangað til að sýslumaður framselji eignina til að kosta útför, m.a. ef skiptum er lokið samkvæmt 25. gr. laganna. Samkvæmt 25. gr. laganna fari sýslumaður með forræði dánarbús þangað til að hann framselur eignir búsins til þess sem tekur að sér að kosta útför hins látna, lýsi sá hinn sami því yfir að andvirði eigna dánarbúsins nemi ekki meira en kostnaði af útför. Þá miði sýslumaður við að kostnaður sé almennt hóflegur.

Sóknaraðili byggir á því að Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hafi lokið skiptum á dánarbúi hins látna á þessum forsendum og um leið framselt eignir þess, þ.e. bankareikninga og bifreiðina Y, til sóknaraðila gegn því að hún tæki við þeim skyldum sem því fylgi að kosta útför hans. Sýslumaður hafi gefið út staðfestingu á því hinn 7. janúar 2022.

Með hliðsjón af framangreindu byggir sóknaraðili á því að útfararkostnaður sé forgangskrafa í dánarbúið. Af því leiði að varnaraðili geti ekki ráðstafað eignum dánarbúsins að eigin frumkvæði með þeim hætti sem hann hefur gert og eigi hann því að greiða sóknaraðila þá fjármuni sem lagðir voru inn á reikning nr. X eftir andlát eiginmanns M.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að hinn 10. desember 2021 hafi sóknaraðila verið veitt heimild með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991, til ráðstöfunar á bankainnistæðum til greiðslu útfararkostnaðar af Sýslumanninum á Suðurnesjum. Sóknaraðili hafi í kjölfarið farið í útibú varnaraðila og óskað eftir því að

fá þá fjármuni sem á reikninginn höfðu verið greiddar. Beiðni hennar hafi verið hafnað á þeirri forsendu að fjármunirnir hefðu farið í að greiða yfirdráttarskuld hins látna við varnaraðila. Þá hafi sóknaraðili verið hvött til að gera ráðstafanir með að greiða skuldir hins látna. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi verið upplýstur í tölvupósti um að hinn látni hafi einungis átt bankareikninga hjá varnaraðila. Þá byggir sóknaraðili á því að það sé ekki hlutverk varnaraðila að skammta sóknaraðila þá fjármuni sem voru á reikningnum hins látna á dánardegi og voru lagðir inn eftir andlát hans, hafi sýslumaður á annað borð framselt þá til aðstandenda. Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki enn tekist að selja bifreið Y til að mæta kostnaði vegna útfarar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi verið óheimilt að ráðstafa því fé sem lagt var inn eftir andlát, með því að ætla að greiða niður yfirdráttarskuld hins látna við varnaraðila. Sýslumaður hafi einn heimild til að ráðstafa fjármunum eða eignum dánarbúsins, t.d. til að greiða kostnað af útför, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991.

Í viðbótarathugasemdum leggur sóknaraðili fram skattframtal þeirra hjóna 2021 og staðfestingu frá stéttarfélaginu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1991 tekur dánarbú látins manns við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut og einnig við fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést, nema annað leiði af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna.

Varnaraðili byggir á því að í fyrirliggjandi máli hafi sýslumaður farið með forræði dánarbúsins frá andláti og til skiptaloka og hafi hann einn verið bær að ráðstafa málefnum dánarbúsins með gildum hætti, sbr. 11. gr. laganna. Í þessu máli hafi sóknaraðili aldrei fengið umráð dánarbúsins.

Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður geti ráðstafað eða heimilað aðstandendum hins látna að ráðstafa fjármunum eða eignum dánarbúsins til að greiða kostnað við útför, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Í þessu máli hafi sýslumaður framselt ákveðnar eignir dánarbúsins til sóknaraðila og hún tekið við réttindum og skyldum sem þeim fylgdu en skilyrði hafi verið að andvirði eignanna yrði notað til greiðslu útfararkostnaðar. Þær eignir sem framseldar voru sóknaraðila voru bifreiðin Y og bankareikningar.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til 16. gr. laga nr. 20/1991. Bendir varnaraðili á að ákvæðið taki ekki til peningaeignar á reikningi hjá fjármálafyrirtæki heldur eignum dánarbús sem metnar verða til fjár, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Engin eign var á bankareikningi hins látna hjá varnaraðila og því eigi ákvæðið ekki við í þessu máli.

Varnaraðili byggir á því að skiptum á dánarbúi eiginmanns M hafi verið lokið hinn 7. janúar sl. á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1991 sem eignarlausu. Samkvæmt ákvæðinu geti sýslumaður lokið skiptum með einföldum hætti ef erfingjar staðfesta að eignir búsins séu ekki meiri en sem nemi kostnaði af útför hins látna. Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður taki slíka yfirlýsingu um eignarleysi ekki gilda nema hún stafi frá aðila sem hafi næga yfirsýn yfir fjárhag hins látna. Varnaraðili byggir á því að mjög líklega hafi sóknaraðili gefið út þessa yfirlýsingu og að hún hafi haft góða yfirsýn yfir fjárhag hins látna, m.a. hafi hún vitað að búið væri að leggja inn á bankareikninga hans hjá varnaraðila eftir andlátið og að reikningurinn væri í mínus þrátt fyrir innborganirnar. Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður hafi framselt eignir til

sóknaraðila til að kosta útförina. Engin eign hafi verið á bankareikningi hins látna hjá varnaraðila en fleiri bankareikningar hafi verið framseldir sóknaraðila og mögulegt að inneign hafi verið á þeim.

Varnaraðili byggir á því að greiðslur hafi borist inn á bankareikning hins látna hjá varnaraðila strax eftir andlát og ganga megi út frá því að hann hafi óskað eftir því að umræddar fjárhæðir yrðu lagðar inn á reikninginn. Að mati varnaraðila voru innborganirnar greiðsla inn á skuld hins látna við bankann. Innborganirnar hafi ekki greitt upp skuldina samkvæmt yfirdrættinum á reikningnum og því sé ekki um inneign að ræða sem sóknaraðili eigi rétt á að fá greitt til sín.

Varnaraðili vísar til þess að þegar sýslumaður lauk skiptum á dánarbúinu 7. janúar sl. hafi verið búið að leggja framangreindar fjárhæðir inn á reikninginn. Staðfesting sýslumanns taki ekki sérstaklega til þessara greiðslna heldur hafi sýslumaður framselt eignir á bankareikningnum. Ekki væri um eign að ræða á reikningi hins látna sem sóknaraðili hafi fengið framselt til sín. Byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki umboð sýslumanns til að gera umrædda fjárkröfu á hendur varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að hafa óskað eftir staðfestingu á því að innborganir á bankareikninginn væru útfararstyrkur, sem gæti leitt til þess að varnaraðili endurskoðaði afstöðu sína. Slík staðfesting hafi ekki verið afhent varnaraðila.

Í viðbótarathugasemdum varnaraðila mótmælir varnaraðili þeirri fullyrðingu sóknaraðila að Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hafi hinn 10. desember sl. veitt sóknaraðila heimild, með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991, til þess að ráðstafa bankainnistæðum til greiðslu útfararkostnaðar. Engin gögn hafi verið lögð fram framangreindu til staðfestingar, en fyrir liggja að með staðfestingu sýslumanns á skiptalokum hafi sóknaraðili fyrst fengið framseldar eignir hins látna, bifreið og bankareikninga, með því skilyrði að þeim yrði varið til greiðslu útfararkostnaðar.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um að hún hafi verið hvött af starfsmönnum bankans til þess að gera ráðstafanir til þess að greiða skuldir hins látna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi lagt fram staðfestingu frá stéttarfélagi hins látna vegna greiðslu á dánarbótum vegna útfararkostnaðar, að fjárhæð 413.800 kr. Varnaraðili leggur fram staðfestingu á því að hafa millifært framangreinda fjárhæð inn á reikning sóknaraðila.

Að öðru leyti krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað um endurgreiðslu á öðrum innborgunum á reikninginn frá andláti og fram að skiptalokum og vísar til þess að samkvæmt framlagðri staðfestingu frá stéttarfélaginu dags. 3 maí, 2022 var annars vegar um að ræða um að ræða greiðslu sjúkradagpeninga fram að dánardegi kr. 77.864 og hins vegar greiðslu jólastyrks að fjárhæð 76.800.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort varnaraðila beri að greiða sóknaraðila fjármuni sem lagðir voru inn á bankareikning nr. X í útibúi F, eftir 8. desember 2021, samtals að fjárhæð 596.398 kr. eftir andlát reikningseigenda en áður en skiptum lauk á dánarbúi hans þ. 7. janúar 2022. Eins og gögn málsins bera með sér var reikningur hins látna á dánardegi yfirdreginn um 1.214.975 kr. Samkvæmt gögnum málsins lauk skiptum á dánarbúinu sem eignalausú samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 en sóknaraðili fékk yfirráð yfir tilgreindum eignum dánarbúsins til að standa undir útfararkostnaði. Undir rekstri málsins hjá nefndinni lagði sóknaraðili fram staðfestingu frá stéttarfélagi hins látna vegna greiðslu á dánarbótum vegna

útfararkostnaðar, að fjárhæð 413.800 kr. Þá lagði varnaraðili fram staðfestingu á því að hafa millifært framangreinda fjárhæð inn á reikning sóknaraðila og telur nefndin að með því hafi verið fallist á kröfu sóknaraðila hvað þann hluta kröfu sóknaraðila varðar og kemur sá hluti kröfunnar því ekki til frekari skoðunar hjá nefndinni. Nefndin telur að þar sem aðrar umþrættar greiðslur sem lagðar voru inn á reikning hins látna tengdust ekki útfararkostnaði heldur framfærslu hans þá sé ekki unnt að fallast á að sóknaraðili eigi kröfu til þeirra greiðslna. Þar sem engin innistæða var á bankareikningi við skiptalok var heldur ekki um að ræða neina eign hins látna. Með vísan til alls framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað að hluta.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu sóknaraðila M á hendur varnaraðila F er hafnað að hluta.

Reykjavík, 12. maí 2022.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Magnús Fannar Sigurhansson